

2003 nr. 61 27. mars**Hafnalög**

Tóku gildi 1. júlí 2003. *Breytt með:* L. 11/2006 (tóku gildi 28. mars 2006). L. 28/2007 (tóku gildi 29. mars 2007). L. 145/2007 (tóku gildi 29. des. 2007). L. 88/2010 (tóku gildi 2. júlí 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013). L. 60/2014 (tóku gildi 31. des. 2014; *EES-samningurinn*: XIII. viðauki tilskipun 2000/59/EB). L. 119/2014 (tóku gildi 16. des. 2014). L. 53/2018 (tóku gildi 22. júní 2018). L. 88/2018 (tóku gildi 29. júní 2018). L. 31/2023 (tóku gildi 7. júní 2023; *EES-samningurinn*: XIII. viðauki reglugerð (ESB) 2017/352).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innviðaráðherra** eða **innviðaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi taka til allra hafna sem notaðar eru til afgreiðslu og þjónustu skipa, afgreiðslu á vörum, ökutækjum og farþegum og við löndun á fiski.

■ 2. gr. Yfirstjórn.

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. [Samgöngustofa og Vegagerðin]²⁾ annast þátt ríkisins samkvæmt lögnum og [hafaf]²⁾ eftirlit með framkvæmd þeirra.

¹⁾ L. 126/2011, 367. gr. ²⁾ L. 59/2013, 25. gr.

■ 3. gr. Orðskýringar.

1. *Höfn* táknar í lögum þessum svæði á landi og sjó með mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga og til móttöku og brottfarar farþega.

2. *Hafnarmannvirki* eru í lögum þessum varnargarðar, viðlegumannvirki og innsiglingar, leiðarmerki og skipalægi.

3. *Skjólgarðar* eru í lögum þessum varnarmannvirki sem ætlað er að veita viðlegumannvirkjum og innsiglingum skjól fyrir öldum, straumum og sandburði.

4. *Viðlegumannvirki* eru í lögum þessum bryggjur og önnur mannvirki innan hafnar sem ætluð eru til viðlegu fyrir fljóttandi för.

5. *Rekstur hafnar* í lögum þessum táknar að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki sem og rekstur hafntengdrar atvinnuástöðu, þ.e. leigu á landi, vöruhúsum, tækjum og þess háttar, upptökumannvirkjum hvers konar í því skyni að þjóna skipum eða fyrirtækjum á hafnarsvæðum sem sinna þjónustu við skip, farþega og farm, og jafnframt rekstur hafntengdrar þjónustu, þ.e. hafnsögubjónustu, festarþjónustu, vígtarþjónustu, sorphirðu, sölu vatns og rafmagns og sambærilega þjónustu er lýtur að skipum. Undir rekstur hafna fellur einnig rekstur vöruhúsa og þjónustumiðstöðva á hafnarsvæðum.

6. *Hafnarstjórn* merkir í lögum þessum að sveitarfélag eða aðrir eigendur hafnar kjósi sérstaka hafnarstjórn og feli henni stjórnunarlega ábyrgð á höfninni.

7. *Málaflökkur* merkir í lögum þessum afmarkaða rekstrareiningu í bókhaldi sveitarfélags þar sem tekjum og gjöldum er haldið aðskildum frá öðrum rekstri þess.

[8. *Skipaafdreip* er í lögum þessum höfn eða hluti hafnar eða öruggt skipalægi eða akkerislægi eða annað skýlt svæði sem Samgöngustofa útnefni til að taka á móti nauðstöddum skipum.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2014, 1. gr.

■ 4. gr. Hafnarreglugerð.

□ Öllum höfnum sem falla undir lög þessi skv. 1. gr. skal sett reglugerð¹⁾ er tilgreinir mörk hafnar auk annarra nauðsyn-

legra ákvæða er varða öryggi og stjórnun hennar. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda hafna og umsögn [Samgöngustofu og Vegagerðarinnar],²⁾ reglugerð fyrir hverja höfn. Í reglugerðinni skulu m.a. vera ákvæði um:

1. Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi.
2. Starfsheimildir, starfsemi og umferð á hafnarsvæði.
3. Öryggi við flutninga og varnir gegn mengun.
4. Viðurlög við brotum.
5. Kosningu og starfs- og valdsvið hafnarstjórnar.

□ [Samgöngustofa]²⁾ hefur eftirlit með því að höfn uppfylli skyldur sínar samkvæmt hafnarreglugerð.

¹⁾ Um reglugerðir settar samkvæmt heimild í eldri hafnalögum vísast til *Lagasafns* 1990, d. 1911. Rg. 380/1985 (*Seyðisfjörður*), sbr. 729/2002. Rg. 463/1991 (*Biðardalur*). Rg. 287/2005 (*Hafnasamlag Norðurlands*), sbr. 1183/2006 og 201/2010. Rg. 290/2005 (*Porlákshöfn*), sbr. 1182/2006 og 438/2014. Rg. 292/2005 (*Djúpvogur*). Rg. 294/2005 (*Grindavík*). Rg. 295/2005 (*Borgarfjörður*). Rg. 584/2005 (*Hornafjörður*). Rg. 633/2005 (*Stykkishólmur*). Rg. 713/2005 (*Bakkafjörður*). Rg. 788/2005 (*Súðavík*). Rg. 981/2005 (*Vopnafjörður*). Rg. 982/2005 (*Reykjanes*). Rg. 983/2005 (*Kópavogur*), sbr. 1281/2022. Rg. 989/2005 (*Vesturbýggð*). Rg. 1190/2005 (*Ísafjarðarbær*). Rg. 1191/2005 (*Þórshöfn*). Rg. 34/2006 (*Skagaströnd*). Rg. 275/2006 (*Seyðisfjörður*), sbr. 499/2007. Rg. 308/2006 (*Vogar í Vatnsleysustrand- arhreppi*). Rg. 498/2007 (*Blönduós*). Rg. 882/2007 (*Grundarfjörður*). Rg. 908/2007 (*Litli-Sandur*, *Hvalfjarðarsveit*). Rg. 244/2008 (*Dalvík*). Rg. 1111/2008 (*Miðsandur*, *Hvalfjarðarsveit*). Rg. 512/2009 (*Fjallabyggð*). Rg. 798/2009 (*Faxaflóahafnir sf.*), sbr. 1248/2022. Rg. 408/2010 (*Fjallabyggð*). Rg. 590/2010 (*Landeyjahöfn*). Rg. 775/2010 (*Tálknafjörður*). Rg. 855/2011 (*Hálmavík*). Rg. 423/2012 (*Hafnarfjörður*). Rg. 1030/2012 (*Vestmannaeyjar*). Rg. 828/2013 (*Hvammstangi*). Rg. 348/2014 (*Flatey á Skjálfandafloa*). Rg. 638/2014 (*Sandgerði*). Rg. 1040/2018 (*Hafnarjóður Skaga- fjarðar*), sbr. 209/2022. Rg. 1300/2018 (*Norðurljósi*). Rg. 835/2020 (*Fjarðabyggð*). Rg. 50/2024 (*Álfshöfn*). ²⁾ L. 59/2013, 25. gr.

II. kafli. Skipulag hafnarsvæða og hafnarmannvirki.**■ 5. gr. Skipulag hafnarsvæðis og leyfi til mannvirkjagerðar.**

□ [Skipulag hafnarsvæðis skal miðast við þarfir hafnar. Hafnarstjórn gerir tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við [Vegagerðina]¹⁾ um gerð þess. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.]²⁾

□ Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæði nema með samþykki viðkomandi hafnarstjórnar. Ef leyfi til mannvirkjagerðar er eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess fellur það úr gildi.

¹⁾ L. 59/2013, 25. gr. ²⁾ L. 28/2007, 1. gr.

■ 6. gr. Lágmarkskröfur um hafnarmannvirki, slysavarnir og staðfesting á fjármögnun.

□ Öll mannvirkjagerð í höfnum skal vera í samræmi við gildandi skipulag fyrir viðkomandi sveitarfélag [og samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða].¹⁾ [Samgöngustofa]²⁾ skal fylgjast með að við hönnun og byggingu hafnarmannvirkja sé fylgt að minnsta kosti lágmarkskröfum um styrkleika mannvirkja og öryggi notenda hafnanna. Hafnir skulu tilkynna [Samgöngustofu]²⁾ um fyrirhugaðar framkvæmdir og leggja fyrir stofnunina gögn um gerð mannvirkjanna til samþykktar áður en framkvæmdir eru hafnar. [Samgöngustofu]²⁾ er heimilt að veita einstökum höfnum undanþágu frá þessu byggingareftirliti, enda geti þær sýnt fram á að starfsmenn þeirra hafi yfir nægri tækniþekkingu að ráða og fyrir hendi sé vel skilgreint innra eftirlit. Hafnir sem njóta opinberra framlaga til framkvæmda skulu að auki leggja fram staðfesta fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda til samþykktar [Vegagerðarinnar].²⁾ [Ráðherra]³⁾ getur sett reglugerð⁴⁾ er kveður á um lágmarkskröfur um hafnarmannvirki að fenginni tillögu [Samgöngustofu].²⁾

□ Ráðherra skal setja reglur um slysavarnir⁵⁾ í höfnum.

¹⁾ L. 88/2018, 18. gr. ²⁾ L. 59/2013, 25. gr. ³⁾ L. 162/2010, 237. gr. ⁴⁾ Rg. 326/2004, sbr. 584/2012. ⁵⁾ Rg. 580/2017.

■ **7. gr.** *Ábyrgð eiganda hafnarmannvirkja.*

□ Eigandi hafnar er ábyrgur fyrir því að mannvirki, búnaður og rekstur hafnarinnar sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Hafnarstjórn er heimilt að nema brott á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram sem hætta stafar af ef eigandi sinnir ekki tilmælum um úrbætur innan eðlilegs tímafrests.

III. kaffi. Rekstrarform og upplýsingaskylda hafna.

■ **8. gr.** *Rekstrarform hafna.*

□ Höfn má reka sem:

1. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.
2. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.
3. Hlutafélag, hvort sem það er í eigu opinberra aðila eða ekki, einkahlutafélag, sameignarfélag eða sem einkaaðila í sjálfstæðum rekstri. Hafnir sem reknar eru samkvæmt þessum tölulíð teljast ekki til opinbers rekstrar.

[4. Höfn í eigu íslenska ríkisins.]¹⁾

□ [Höfn skv. 4. tölul. 1. mgr. skal eingöngu byggð og rekin til að tryggja reglubundnar samgöngur milli tveggja eða fleiri áfangastaða. Skal hún byggð og rekin fyrir framlög úr ríkisjóði eins og þau eru ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Um stjórnun, rekstur og starfsheimildir slíkra hafna fer að öðru leyti samkvæmt sérlögum.

□ Íslenska ríkinu er heimilt að eiga og reka nauðsynleg mannvirki vegna ferja. Þar sem mannvirki vegna ferja tengist annarri hafnarstarfsemi getur ríkið gert samkomulag við eiganda viðkomandi hafnar um uppbyggingu og rekstur.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2014, 2. gr.

■ **9. gr.** *Upplýsingar um hafnir.*

□ Hafnir skulu á hverjum tíma miðla upplýsingum um lengd, breidd og djúpristu þeirra skipa sem þær geta tekið á móti. [Samgöngustofa]¹⁾ skal starfrækja gagnagrunn á heimasíðu sinni þar sem þessar upplýsingar koma fram.

□ [Höfn sem nýtur ríkisstyrks er skylt að senda endurskoðaða ársreikninga sína árlega til . . . ²⁾ Vegagerðarinnar sem og aðrar upplýsingar sem [stofnunin kann]²⁾ að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar. Öðrum höfnum er skylt að veita Samgöngustofu og Vegagerðinni þær upplýsingar sem stofnarnir óska eftir og snerta rekstur hafnanna, enda séu þær nauðsynlegar vegna eftirlitshlutverks þeirra samkvæmt lögum.]¹⁾ Þá er höfn skylt að veita [Samgöngustofu og Vegagerðinni]¹⁾ upplýsingar um farþega og vörumagn sem um höfnina fer.

□ [Hafnir skulu birta gjaldskrár sínar með skýrum og aðgengilegum hætti, svo sem á netinu. Höfnum sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. er heimilt að birta gjaldskrár sínar í B-deild Stjórnartíðinda.]³⁾

¹⁾ L. 59/2013, 25. gr. ²⁾ L. 119/2014, 3. gr. ³⁾ L. 28/2007, 2. gr.

■ **[9. gr. a.** *Hafnir innan samevrópska flutninganetsins.*

□ Höfnum innan samevrópska flutninganetsins er skylt að eiga samráð við notendur hafna um gjaldtökustefnu sína, þ.m.t. vegna umtalsverðra breytinga á gjaldtökunni. Þær skulu jafnframt veita notendum hafna upplýsingar um breytingar á eðli eða fjárhæð hafnargjalds a.m.k. tveimur mánuðum áður en breytingarnar taka gildi.

□ Aðgangur að markaði til að veita hafnarþjónustu getur verið háður lágmarkskröfum um veitingu hafnarþjónustu, takmörkunum á fjölda veitenda, skyldum til að veita opinbera þjónustu og takmörkunum sem tengjast innri rekstraraðilum.

□ Ráðherra skal með reglugerð tilgreina þær íslensku hafnir sem eru innan samevrópska flutninganetsins. Jafnframt skal

hann setja reglugerð þar sem nánar er mælt fyrir um veitingu hafnarþjónustu sem og gagnsæi í fjármálum hafna og sjálfstæði þeirra í fjármálum, þ.m.t. um samráð við notendur hafna um gjaldtökustefnu.]¹⁾

¹⁾ L. 31/2023, 1. gr.

IV. kaffi. Höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags.

■ **10. gr.** *Stjórnun, rekstur og starfsheimildir.*

□ Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem sérstakar málaflokkur undir stjórn sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem höfnin er. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að kjósa sérstaka hafnarnefnd.

□ Hafnir samkvæmt þessum kafla hafa starfsheimildir í samræmi við 5. tölul. 3. gr.

■ **11. gr.** *Gjöld.*

□ Höfn samkvæmt kafla þessum er heimilt að innheimta gjöld skv. 17. gr. . . . ¹⁾

¹⁾ L. 88/2010, 1. gr.

■ **12. gr.** *Breyting á rekstrarformi.*

□ Sveitarstjórn getur ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags, sbr. 2. tölul. 8. gr., eða í félag, sbr. 3. tölul. 8. gr., og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja, sbr. 1. mgr. 18. gr.

V. kaffi. Höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

■ **13. gr.** *Stjórnun og rekstur.*

□ Höfn samkvæmt kafla þessum skal rekin sem opinbert fyrirtæki með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Sérstakar hafnarstjórnir, sem kosnar eru af sveitarstjórnunum, skulu hafa á hendi stjórn hafna og hafnarsjóða í samræmi við reglugerð skv. 4. gr. Séu eigendur fleiri en einn fer um kosningu samkvæmt reglugerð og stofnsamningi hafnar. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans.

□ Hafnarstjórn skal innan valdsviðs síns gæta hagsmuna hafnar. Hafnarstjórn ber ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á rekstri og viðhaldi hafnar.

■ **14. gr.** *Hafnasamlög.*

□ Eigendur hafna geta myndað hafnasamlög um rekstur þeirra. Leggja skal fyrir ráðherra tillögur að stofnsamningi, skipulagi og nýtingu landsvæða og mannvirkja og rökstuðning fyrir að hafnasamlagið hafi rekstrarhagræði í för með sér. Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum eigenda þeirra hafna sem vilja mynda hafnasamlag, reglugerð fyrir það, sbr. ákvæði 4. gr. Að öðru leyti gilda ákvæði þessa kafla um hafnasamlög þar sem við á. Hafnir á byggðasvæðum sem rétt eiga á ríkisstyrk samkvæmt viðmiðunum 24. gr. halda þeim rétti sínum í fimm ár frá því að sameining tekur gildi þrátt fyrir að hafnirnar falli undir hafnasamlag sem er yfir þessum sömu viðmiðunarmörkum. Þetta gildir einnig um sömu hafnir ef þær verða hluti af öðrum hafnarsjóði við sameiningu sveitarfélaga. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um þetta atriði.

□ [Eigendur hafna geta gert samning um samrekstur einstakra þátta í starfsemi hafna.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2014, 4. gr.

■ **15. gr.** *Starfsheimildir.*

□ Höfn samkvæmt kafla þessum hefur starfsheimildir í samræmi við 5. tölul. 3. gr.

■ **16. gr.** *Skattskylda, rekstur og endurskoðun.*

□ Tekjum og eignum hafnar sem rekin er skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir

skulu undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum. Eigendur hafnar bera ábyrgð á skuldbindingum hafnar-sjóðs.

■ **17. gr. Gjöld.**

□ [Stjórn hafnar skv. 2. tölul. 8. gr. skal semja gjaldskrá fyrir höfn þar sem nánar er kveðið á um innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein. Miða skal við að gjaldtaka standi undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölul. 3. gr., þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnarinnar og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun hafnarinnar.]¹⁾

□ [[Í gjaldskrá er heimilt að ákveða eftirtalin gjöld]:¹⁾

1. Hafnargjald sem nánar sundurliðast á eftirfarandi hátt:

a. Skipagjöld sem skiptast í bryggjugjöld og lestargjöld og eru lögð á skip og báta er nota viðkomandi höfn og miðast við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæðinu og veitta aðstöðu.

b. [Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum.]¹⁾

c. Hafnsögugjöld og gjöld fyrir þjónustu hafnarbáta.

d. Leigugjald fyrir svæði til lestunar og losunar á vöru.

[e. Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þó skal gjaldið vera minnst 0,70% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafli.]¹⁾

[f. Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum. Gjaldtakan tekur til allra skipa sem koma til hafnar, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota, skipum sem þjónusta fiskeldi og skipum í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sbr. 11. gr. og 11. gr. a – 11. gr. d laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004. Skylt er að innheimta gjald samkvæmt þessum tölulíð. Gjald fyrir móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs skal standa undir kostnaði við aðstöðu fyrir móttöku úrgangs frá skipum, kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs frá skipum sem og kostnaði við eftirlit Umhverfisstofnunar. Við ákvörðun fjárhæðar gjalds skal tekið mið, eftir því sem við á, af fjölda skipverja og farþega um borð, lengd sjóferðar og stærð skips.

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 2. mgr. er höfnum skylt að innheimta gjöld sem skulu standa undir kostnaði við móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs og farmleifa frá skipum sem og eftirliti Umhverfisstofnunar með aðstöðunni, sbr. 11. gr. og 11. gr. a – 11. gr. d laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.]²⁾

Hafnargjald samkvæmt þessum tölulíð skal standa undir kostnaði við að byggja, reka, viðhalda og endurnýja viðlegumannvirkni, dýpkanir og legu í höfn, aðstöðu við bryggjur og á hafnarbakka, hafnarbáta og hafnsögu þar sem það á við. Skipstjóra, útgerðarmanni og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld [skv. a-, c-, d- og e-lið]¹⁾ en móttakandi vöru sem kemur til hafnar og sendandi vöru sem flutt er úr höfn greiða gjöld skv. b-lið. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal farmflytjandi sjá um innheimtu á gjöldum skv. b-lið hjá sendanda og móttakanda, eftir því sem við á, og standa höfn skil á þeim.

2. Farþegagjald og gjald fyrir bifreiðar sem ekið er um borð eða frá borði í ferju og skal gjald þetta standa straum af

kostnaði við uppbyggingu á aðstöðu og búnaði fyrir farþega og bifreiðar, sem og kostnaði við rekstur og viðhald.

3. [Geymslugjald fyrir geymslu vöru og gáma á hafnar-svæði, hvort sem er innan húss eða utan, og skal gjald þetta standa straum af kostnaði við uppbyggingu, viðhald, endurnýjun og rekstur á geymsluaðstöðunni.]³⁾

4. Leigugjald fyrir afnot af mannvirkjum eða tækjum hafnarinnar, þ.m.t. upptökumannvirkjum og löndunarkrönnum. Gjaldið skal standa undir kostnaði við uppbyggingu, rekstur, viðhald og endurnýjun mannvirkjanna.

5. Leyfisgjald fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið skv. 5. gr. Gjaldið skal standa straum af undirbúningskostnaði veittra leyfa.

6. Lóðargjald og lóðarleigu fyrir leigu á svæðum innan hafnarinnar.

7. Festargjald sem nota skal til að greiða kostnað við festarþjónustu sem höfnin veitir.

8. Gjöld fyrir endursölu á vatni og rafmagni og kostnaði er því fylgir.

9. Sorpgjöld sem skulu standa straum af kostnaði við sorphirðu frá skipum og fyrirtækjum á hafnarsvæði, sem og eyðingu sorpsins.

10. Vigtar- og skráningargjald sem skal standa straum af kostnaði við rekstur, viðhald og endurnýjun hafnarvogar.

11. Umsýslugjald til þess að standa straum af kostnaði við umsýslu og yfirstjórn, t.d. laun og skrifstofuhald. Heimilt er að láta umsýslugjaldið samkvæmt þessum tölulíð vera innifalið í gjaldtöku skv. 1.–10. tölul. með sérstöku álagi á viðkomandi gjald.]⁴⁾

□ [Gjaldtaka hafna skv. 2.–10. tölul. 2. mgr. skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt sameiginlegum kostnaði, eftir því sem við á.]¹⁾

□ Nú á annar aðili en hafnarsjóður viðlegumannvirki innan hafnarsvæðis og skal þá semja um hversu hátt gjald skal greiða til hafnar til þess að standa straum af sameiginlegum rekstri hennar.

□ Höfn er heimilt að gera langtímasamning við notendur um gjöld skv. [1. og 2. tölul. 2. mgr.]¹⁾ fyrir afnot af bryggjum.

□ [Notendur hafnar geta krafist hafnarstjórn upplýsinga um afkomu hafnar og um almennar forsendur gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá.]¹⁾

¹⁾ L. 88/2010, 2. gr. ²⁾ L. 60/2014, 8. gr. ³⁾ L. 145/2007, 1. gr. ⁴⁾ L. 28/2007, 4. gr.

■ **18. gr. Breyting á rekstrarformi.**

□ Sveitarstjórn getur ákveðið að breyta skuli rekstrarformi hafnar í félag skv. 3. tölul. 8. gr. og skal þá taka mið af hagrænu verðmæti hafnarmannvirkja við eignafærslu þeirra í efnahagsreikning félagsins. Hafi viðkomandi mannvirki notið ríkisframlags skal leita samþykkis ráðherra fyrir framsali þeirra.

□ Höfn getur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar orðið að höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags, sbr. 1. tölul. 8. gr.

□ Rekstrarformi hafnar skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki [ráðherra]¹⁾ að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar.

¹⁾ L. 162/2010, 237. gr.

VI. kafli. Höfn sem telst ekki til opinbers reksturs.**■ 19. gr. Stjórn og rekstur.**

□ Rekstrarform hafnar samkvæmt þessum kafla fer eftir ákvæðum 3. tölul. 8. gr. Stjórnir hlutafélaga og einkahlutafélaga fara með valdsvið hafnarstjórna. Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. er aðeins heimilt að greiða arð til eigenda sinna eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í fullnægjandi viðhald og endurnýjun hafnarinnar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð hennar sem sett er skv. 4. gr.

■ 20. gr. Starfsheimildir og gjöld vegna reksturs hafnar.

□ Höfn sem rekin er skv. 3. tölul. 8. gr. hefur starfsheimildir án takmarkana.

□ [Gjaldtaka hafnar samkvæmt þessum kafla skal miðuð við að hún standi undir kostnaði við þá þjónustu sem veitt er ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri hafnarinnar, stofn-kostnaði og kostnaði við viðhald hennar, auk þess sem heimilt er að taka tillit til arðsemi á endurmetnu eigin fé. . . .¹⁾²⁾

□ [Heimilt er í gjaldskrá hafnar að taka mið af árangri í umhverfismálum, orkunýtni eða kolefnisnýtni í siglingum. Afslættir og álögur á gjöld sem taka mið af umhverfisframmistöðu skipa skulu byggjast á umhverfisvísitölu sem Samgöngustofa viðurkennir. Álag á hafnargjöld samkvæmt ákvæði þessu skulu að hámarki nema 75%. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skilyrði fyrir viðurkenningu umhverfisvísitölu með reglugerð.

□ Notendur hafnar geta krafist hafnarstjórn upplýsinga um kostnað sem almennt hlýst af að veita viðkomandi þjónustu og eðlilega sundurliðuð gjalda.]¹⁾

¹⁾ L. 31/2023, 2. gr. ²⁾ L. 28/2007, 5. gr.

VII. kafli. Móttökuskýlda hafnar.**■ 21. gr. Móttökuskýlda og ábyrgð eigenda skipa.**

□ [Samgöngustofa útnefni skipaafdrepp hér á landi í áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, að undangenginni málsmeðferð skv. 2. mgr.]¹⁾

□ [Skýlt er að taka á móti skipum í höfn eftir því sem rými og aðstaða leyfir. Hafnarstjórn er þó heimilt að synja skipi um aðgang að höfn ef mönnum og umhverfi er talin stafa hættu af komu þess til hafnar. Höfn, sem telst [skipaafdrepp]¹⁾ í samræmi við áætlun um að liðsinna nauðstöddum skipum á hafsvæðum í lögsögu Íslands, sem [Samgöngustofa]²⁾ gerir að höfðu samráði við viðkomandi höfn, Landhelgisgæslu Íslands og Umhverfisstofnun, er skýlt að taka á móti skipum í sjávarháská eftir því sem nánar er kveðið á um í áætluninni. Ráðherra getur sett nánari ákvæði um áætlunina og [skipaafdrepp]¹⁾ í reglugerð.³⁾

□ Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á skipum vegna vanefnda á skipagjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.

□ Höfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu skipagjalda og fyrir kostnaði við að fjarlægja og/eða farga skipi séu taldar verulegar líkur á að það lendi í reiðileysi innan hafnar.

□ Eigandi eða umráðamaður skips, báts, flutningstækja á landi eða annars búnaðar á hafnarsvæði ber ábyrgð á að viðkomandi eign sé ávallt í lagi og valdi ekki óþrifnaði og/eða hættu á hafnarsvæðinu. Verði um slíkt að ræða, að mati hafnar, getur hún fyrirskipað að úrbætur skuli gerðar innan ákveðins frests. Sinni eigandi eða umráðamaður ekki slíkum fyrir-mælum er höfn heimilt að láta fjarlægja hlutinn á kostnað og

ábyrgð eiganda eða umráðamanns og færa hann í vörslur viðkomandi eða selja hlut á nauðungaruppbóði án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda eða umráðamanns.

□ Höfn skal birta auglýsingu um uppböð skv. [5. mgr.]¹⁾ með mest fjögurra vikna og minnst viku fyrirvara í dagblaði eða á annan samsvarandi hátt. Jafnframt skal höfn tilkynna eiganda eða umráðamanni bréflaga um fyrirhugað uppböð og hvar og hvenær það fer fram. Það stendur ekki í vegi fyrir nauðungarsölu þótt tilkynningu verði ekki við komið vegna þess að eigandi eða umráðamaður er ekki þekktur eða finnst ekki. Skipagjöld sem njóta lögveðsréttar greiðast af söluandvirði með forgangsrétti næst á eftir kostnaði við nauðungarsölu. Um úthlutun söluandvirðis og framkvæmd uppböðs fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um nauðungarsölu eftir því sem við á.

□ Vitji eigandi eða umráðamaður ekki þess sem afgangur er við nauðungarsölu skv. [5. mgr.]¹⁾ eða ráðstöfun skv. [6. mgr.]¹⁾ innan árs frá sölu eða ráðstöfunardegi rennur andvirðið í ríkissjóð.]⁴⁾

□ [Lóðarleigugjöld á hafnarsvæði sem er staðfest í aðal-skipulagi eru tryggð með lögveði í viðkomandi fasteign. Það veð gengur í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á fasteign vegna vanefnda á lóðarleigugjöldum án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms og án þess að þörf sé á undangenginni áskorun til eiganda.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2014, 5. gr. ²⁾ L. 59/2013, 25. gr. ³⁾ Rg. 80/2013. Rg. 614/2014. ⁴⁾ L. 28/2007, 6. gr.

VIII. kafli. Framlög ríkisins til hafnamála og framkvæmdir í höfnum.**■ 22. gr. Frumrannsóknir.**

□ Ríkissjóður greiðir allt að fullu kostnað við frumrannsóknir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.¹⁾ [Vegagerðin]²⁾ skal hafa umsjón með frumrannsóknum sem kostaðar eru af ríkissjóði og hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn þar sem við á.

¹⁾ Rg. 326/2004, sbr. 584/2012. ²⁾ L. 59/2013, 25. gr.

■ 23. gr. Samgönguáætlun.

□ [Vegagerðin]¹⁾ vinnur tillögu að áætlun um hafnarframkvæmdir með kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. lög nr. 71/2002, um samgönguáætlun.

□ [Við undirbúning þessarar tillögugerðar ber Vegagerðinni að hafa samráð við viðkomandi hafnarstjórn.]¹⁾

□ [Við tillögugerð og forgangsróðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat er taki mið af mikilvægi hafnararmannvirkis fyrir samgöngukerfi landsins, fyrir almanna-hagsmuni á viðkomandi stað og hagkvæmni framkvæmdar. Óheimilt er að styrkja með framlagi úr ríkissjóði framkvæmdir sem geta raskað samkeppni milli hafna eða hafnir sem eru ætlaðar til afnota fyrir einstaka aðila í flutningastarfsemi samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.]²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 25. gr. ²⁾ L. 119/2014, 6. gr.

■ 24. gr. Ríkisstyrktar framkvæmdir.

□ [Heimilt er að veita framlög úr ríkissjóði til verkefna á svíði hafnargerðar skv. 2. mgr. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs tekur mið af fjárhagslegri getu viðkomandi hafnarsjóðs til að standa undir kostnaði vegna nauðsynlegra hafnarframkvæmda, en verður þó aldrei meiri en greint er í 2. mgr. Skilyrði fyrir úthlutun styrkja úr ríkissjóði til framkvæmda er að um sé að ræða framkvæmd sem hefur mikla þýðingu fyrir almannahagsmuni á viðkomandi stað, viðkomandi höfn hafi skilað jákvæðum rekstrarafgangi að teknu tilliti til vaxta eða

hafi nýtt kosti sína til tekjuöflunar með eðlilegum hætti og framlag ríkissjóðs raski ekki ótilhlýðilega samkeppni milli hafna samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

□ Ríkissjóði er heimilt að styrkja:

a. Endurbyggingu og endurbætur á skjólgörðum og dýpkun þar sem reglulegar viðhaldsdýpkunar er þörf. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs skal vera allt að 85%.

b. Endurbyggingu og endurbætur á bryggjum og niðurrif hafnarmannvirkja sem þarf að fjarlægja vegna slyshættu sem af þeim stafar. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs skal vera allt að 75%.

c. Nýframkvæmd við bryggjagerð, skjólgarð, aðrar brimvarmir og dýpkun í innsiglingu og innan hafnar, enn fremur stofnkostnað við hafnsögubáta á stöðum þar sem aðstæður í höfn og nágrenni hennar kalla á slíkt öryggistæki og innsiglingarmerki, svo og löndunarkrana og hafnarvogir. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs skal vera allt að 60%. Heimild þessi tekur ekki til framkvæmda í þágu einstakra fyrirtækja þar sem gerður er sérstakur afnotasamningur til lengri tíma.

d. Aðgerðir eiganda hafnar sem miða að því að hætta eða draga úr hefðbundnum hafnarrekstri. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs getur samkvæmt sérstöku samkomulagi numið allt að 60% af neikvæðu eigin fé hafnar.

e. Aðgerðir hafnarsjóða vegna fyrirhugaðrar sameiningar. Greiðsluþátttaka ríkissjóðs skal ákveðin samkvæmt samkomulagi milli viðkomandi hafnarsjóða annars vegar og ríkisins hins vegar.

□ Heimilt er að veita viðbótarframlag úr ríkissjóði til lítilla hafnarsjóða innan skilgreinds byggðakorts, samkvæmt ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA, með tekjur undir 40 millj. kr. og þar sem verðmæti meðalafla síðustu ára er undir 1.000 millj. kr. Viðbótarframlagið getur orðið allt að 15%. Þó má heildarframlag ríkissjóðs aldrei vera meira en 90%.¹⁾

¹⁾ L. 119/2014, 7. gr.

■ 25. gr. Umsóknir um ríkisframlög.

□ [Umsóknir um framlög úr ríkissjóði skulu sendar Vegagerðinni. Með umsókn skal leggja fram upplýsingar um viðkomandi framkvæmd, viðskiptaáætlun verkefnisins, mikilvægi þess fyrir almannahagsmuni, rekstrarafkomu hafnar, fjármögnun og annað það sem máli getur skipt. Vegagerðin getur óskað eftir frekari upplýsingum eða gögnum telji hún þess þörf. Stofnunin vinnur úr umsóknum og tekur þær fyrir við endurskoðun samgönguáætlunar, sbr. 23. gr.

□ Áður en umsókn um framlög úr ríkissjóði er tekin fyrir skal Vegagerðin staðfesta að höfn hafi nýtt alla kosti sína til tekjuöflunar með eðlilegum hætti svo að framlagið raski ekki ótilhlýðilega samkeppni við aðrar hafnir. Staðfesting þessi skal m.a. byggjast á samanburði við gjaldtöku annarra samþærilegra hafna.

□ Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum er ákveðin af Alþingi í fjárlögum og tekin til endurskoðunar á [að lágmarki þriggja]¹⁾ ára fresti við endurskoðun samgönguáætlunar að því marki sem verkefni rúmast innan fjárheimilda í fjárlögum. Allar hafnarframkvæmdir sem njóta greiðsluþátttöku úr ríkissjóði skulu vera á svæðum sem eru í eigu hafnar eða sveitarfélaga. Hafnarmannvirki sem hlotið hafa styrk úr ríkissjóði skulu vera opin almennri skipaumferð eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum, hafnarreglugerð viðkomandi hafnar og öðrum reglum sem um aðgengi að höfnum gilda. Í reglugerð skal kveðið nánar á um þau

skilyrði sem höfn skal uppfylla til þess að teljast styrkhæf samkvæmt ákvæðum 24. gr.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um skilyrði sem hafnir þurfa að uppfylla til þess að njóta framlags ríkissjóðs til endurbóta og nýframkvæmda.²⁾

¹⁾ L. 53/2018, 11. gr. ²⁾ L. 119/2014, 8. gr.

■ 26. gr. Hafnabótasjóður.

□ Hafnabótasjóður er eign ríkisins og fer [Vegagerðin]¹⁾ með stjórn sjóðsins í umboði [ráðherra].²⁾ Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. Hlutverk A-deildar sjóðsins er að fjármagna hlut ríkisins í ríkisstyrktum framkvæmdum en B-deildar að fjármagna tjónaviðgerðir, sbr. 3. tölul. 3. mgr.

□ Tekjur Hafnabótasjóðs eru tekjur af starfsemi sjóðsins og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.

□ Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán vegna starfsemi sinnar samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. [Vegagerðin]¹⁾ ráðstafar fé Hafnabótasjóðs ...¹⁾ með samþykki ráðherra á eftirgreindan hátt:

1. Fjármagnar framkvæmdir ríkisins samkvæmt samgönguáætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

2. Hafnabótasjóði er heimilt að starfrækja þróunardeild hafna samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur að fengnu sérstöku fjárrframlagi samkvæmt samþykkt Alþingis. Markmið þróunardeildarinnar er að styðja minni hafnir á landsbyggðinni sem eru mikilvægar fyrir byggðarlagið og atvinnuuppbyggingu þess.

3. Hafnabótasjóði er heimilt að bæta tjón á hafnarmannvirkjum sem eru styrkhæf skv. a-lið og [c-lið 2. mgr. 24. gr.],³⁾ þ.m.t. tjón sem ekki fæst að fullu bætt úr Viðlagasjóði eða vegna ákvæða IX. kafla siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

□ [Vegagerðin]¹⁾ annast vörslu, daglega afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs. Lánasýsla ríkisins veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

□ Heimilt er með samþykki ráðherra að fela lánastofnun umsýslu lána sjóðsins.

¹⁾ L. 59/2013, 25. gr. ²⁾ L. 162/2010, 237. gr. ³⁾ L. 119/2014, 9. gr.

IX. kafli. Kæruheimild.

■ 27. gr. Kæruheimild.

□ Notendum hafna er heimilt að skjóta ákvörðunum hafnarstjórna samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, öðrum en gjaldskrárákvörðunum, til [Samgöngustofu].¹⁾

□ Ákvörðunum [Samgöngustofu og Vegagerðarinnar]¹⁾ samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim má skjóta til [ráðherra].²⁾ Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga.

¹⁾ L. 59/2013, 25. gr. ²⁾ L. 162/2010, 237. gr.

X. kafli. Viðurlög, gildistaka o.fl.

■ 28. gr. Refsingar.

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum sekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

■ 29. gr. Breytingar á verðlagi.

□ Allar verðmætaviðmiðanir samkvæmt lögum þessum skulu taka sömu breytingum á milli ára og vísitala neysluverðs frá gildistíma laganna.

■ [30. gr. Innleiðing.

□ Lög þessi fela í sér innleiðingu ákvæða 4. gr. og 7.–10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB, um

aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum, sem vísað er til í tölul. 56i í V. kafla XIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2001 frá 19. júní 2001.

□ [Lög þessi eru jafnframt til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/352 um að setja ramma um veitingu hafnarþjónustu og um sameiginlegar reglur um gagnsæi í fjármálum fyrir hafnir, sem vísað er til í tölul. 56z í V. kafla XIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2019 frá 8. maí 2019.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 31/2023, 3. gr. ²⁾ L. 60/2014, 9. gr.

■ [31. gr.]¹⁾ *Gildistaka o.fl.*

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. . . .

□ Allar hafnir skulu leitast við að taka ákvörðun um rekstr-

arform fyrir 1. júlí 2003, en þá taka ný rekstrarform hafna samkvæmt lögum þessum gildi.

□ Sé engin ákvörðun tekin um rekstrarform hafnar fyrir 1. júlí 2003 skal rekstrarform hennar vera höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags. Við breytingu núverandi hafnarforms frá höfn með hafnarstjórn í höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags skal sveitarstjórn taka við stjórn hafnarinnar og ábyrgð á rekstri hennar.

□ B-deild Hafnabótasjóðs skv. 26. gr. skal yfirtaka núverandi eignir sjóðsins við gildistöku laganna.

¹⁾ L. 60/2014, 9. gr.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

□ [Ákvæði 1. másl. 3. mgr. 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2016.]¹⁾

¹⁾ L. 119/2014, 10. gr.